

REGLUGERÐ**88**

26. ágúst

um

breyting á hafnarreglugerð fyrir Ísafjarðarkaupstað frá 27. júní 1929.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið hefir í dag samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóvember 1917, gefið út svofelda reglugerð um breyting á hafnarreglugerð fyrir Ísafjarðarkaupstað frá 27. júní 1929.

Í stað „15 smálestum“ í 23. gr. d. lið komi: 30 smálestum.

Reglugerð þessi öðlist þegar gildi.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 26. ágúst 1932.

Magnús Guðmundsson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ**89**

30. ágúst

fyrir

bátabryggjuna og bátauppsátrið á Blönduósi.

1. gr.

Sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu kys 3ja manna nefnd til þess að hafa á hendi alla yfirumsjón með bryggjunni og bátauppsátrinu. Kosning þessi gildir fyrir 3 ár í senn, en á hverju ári skal kosinn 1 maður í nefndina í stað eins, er árlega fer úr henni, sem skal verða eftir hlutkesti 1. og 2. ár. Nefndin kys sér formann úr sínum flokki og ræður bryggjuvörð, er má vera utannefndar, og semur um borgun fyrir störf hans. Formaður kallar nefndina saman á fund, þegar hann álitur þess þörf, eða bryggjuvörður krefst þess.

Nefndarmenn fá þóknun fyrir störf sín í þarfir bryggjunnar eftir reikningi, er sýslunefnd úrskurðar.

2. gr.

Bryggjuvörður skal hafa alla umsjón og eftirlit með bryggjunni, bátauppsátrinu, tækjum þeim, er fylgir hvorutveggju, allri notkun og nauðsynlegum aðgerðum, hann skal sjá um að bátar séu ekki látnir hanga í krönumum svo til baga geti orðið fyrir þá er nota þurfa bryggjuna og hegða sér í öllu eftir fyrir-

89 mælum reglugjörðar þessarar og skulu allir þeir er nota bryggjuna, bátaupp-
30. ágúst sátrið, eða tækin, skyldir að hlýða fyrirskipunum hans í því efni.

3. gr.

Bátar hafa rétt til þess að leggjast að bryggjunni og nota tæki hennar til affermingar og hleðslu í þeirri röð, er þeir koma að henni, þó skulu bátar þeir er flytja póst, hafa rétt til þess að leggjast að henni tafarlaust, til að afhenda póstinn.

4. gr.

Allar skemmdir, er bryggjan og áhöld hennar verða fyrir af mannavöldum, skal bæta að fullu af umráðamanni báts þess, er verið er að afgreiða og skemmdir hljótast af.

5. gr.

Þegar vörur eru fluttar í skip, eða úr, við bryggjuna er hlutaðeigendum heimilt að láta þær liggja á bryggjunni svo sem pláss leyfir allt að 24 klukkustundir, en hlýða skulu þeir fyrirskipunum bryggjuvarðar, og sjá um að vörum sé hagrætt þannig, að ekki tálmi afnotum bryggjunnar eða tækja hennar, og að ekki hvíli of mikill þungi á hverjum hluta bryggjunnar, þó er bryggjuverði heimilt ef nauðsyn krefur, að krefjast þess, að varan sé flutt strax af bryggjunni, eða láta flytja hana á kostnað eiganda. Bryggjuvörður getur þann- að alla ónauðsynlega umferð um bryggjuna.

6. gr.

Hver, sem notar bryggjuna, tæki hennar eða bátanaustið, skal greiða fyrir það til bryggjusjóðs sem hér segir:

1. Fyrir báta, sem ganga til fiskiveiða frá Blönduósi:

- a. Fyrir að renna opnum bát að bryggjunni og kasta fiski upp úr honum, hvort sem er um vélbát eða ekki að ræða, greiðist fyrir mánaðar eða skemmri tíma kr. 2.00—5.00, eftir stærð bátsins og ákvæðum bryggjuvarðar.
- b. Fyrir að setja þessa báta upp eða fram með setningartækjum bryggjunnar greiðist fyrir smábát kr. 0.75, fyrir 4—6 manna far kr. 1.00, og fyrir stærri báta kr. 1.25.
- c. Fyrir að geyma þessa báta í naustinu greiðist fyrir 2—6 manna far kr. 1.00 um mánuðinn og kr. 2.50 fyrir stærri báta. Þó má bryggjuvörður því aðeins leyfa geymslu slíkra báta í naustinu, að vissu sé fyrir því, að að þeir verði ekki til boga uppskipun eða framskipun á vörum eða uppskipunarbatum.

Gjöld þessi samtals, samkvæmt a—c fari þó ekki yfir kr. 40.00 fyrir hvern bát yfir árið.

2. Fyrir aðra báta skal greiða gjald sem hér segir:

- a. Fyrir að renna bát að bryggjunni, er festi sig aðeins, en hvorki ferm-

- ing né afferming fer fram, og liggur ekki lengur en 6 tíma við bryggjuna, greiðist: Fyrir venjulegan uppskipunarbát eða minni kr. 1.50, fyrir stærri báta en 5 smálesta kr. 0.25 fyrir hverja smálest, sem framyfir er. 89
30. ágúst
- b. Fyrir að bátur liggi lengur en 6 tíma við bryggjuna greiðist kr. 1.50 til 4.50 fyrir hverja 12 tíma eftir stærð bátsins og ákvörðun bryggjuvarðar.
- c. Fyrir að skipa upp úr bát eða fram í hann greiðist kr. 6.00.
- d. Fyrir að setja bát upp eða fram greiðist fyrir smábát kr. 1.50, fyrir 4–6 manna far kr. 3.50 og fyrir stærri báta kr. 6.00.
- e. Fyrir að geyma bát í naustinu greiðist kr. 1.00 um vikuna, þá á Kaupfélag Húnavetninga rétt á að geyma þar 2 báta og verzlunir sunnan Blöndu í félagi 1 uppskipunarbát án endurgjalds.

Auk geymslu þeirra þriggja báta, er nú voru nefndir, hafa sömu aðiljar forgangsrétt fyrir öðrum til þess að geyma þar sinn bátinn hvor, þ. e. K. H. annarsvegar og félag verzlana sunnan Blöndu hinsvegar gegn framangreindu endurgjaldi. Með tilliti til þess, hvað Kaupfélag Húnavetninga og Sláturfélag A.-Húnavetninga hafa lagt til bátauppsátursins og bryggjunnar, skal þeim ekki skylt að greiða nema hálf gjöld fyrir not sín af þeim, miðað við aðra notendur þeirra, og sömuleiðis skulu þau hafa forgangsrétt að bátanaustinu fyrir tvo báta, er þau mega hafa þar gjaldfrjálst.

Fyrir að ferma báta með vörum, sem skipað hefir verið upp á bryggjuna, til þess að flytja þær þaðan sjóveg aftur, skal ekki greiða sérstakt gjald, ef það ekki tefur fyrir afgreiðslu skipa.

7. gr.

Gjöld þau sem ræðir um í 6. gr. 1. lið a—c, skulu greidd mánaðarlega og er afli og veiðarfæri hlutaðeigandi báta að veði fyrir þeim.

Gjöld þau, er ræðir um í 6. gr. 2. lið stafl. a—d skulu greidd bryggjuverði strax og búð er að afgreiða skip það sem flytur eða tekur vörurnar. Þó er bryggjuverði heimilt, til að tryggja að gjöldin verði greidd, leggja löghald á svo mikið af vörunni, sem senda á eða upp er skipað, að nægi fullkomlega fyrir bryggjugjaldinu, nema sett sé önnur trygging fyrir því, er hann tekur gilda.

Ágreiningsmálum milli bryggjuvarða og notenda bryggjunnar eða uppsátursins má skjóta undir úrskurð sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu.

8. gr.

Bryggjuvörður skal hafa á hendi innheimtu á öllum tekjum bryggjunnar og bátauppsátursins, skulu þær lagðar í sérstakan sjóð, er nefnist Bryggjusjóður, og ávaxtist í sparissjóði Húnavatnssýslu, hann skal gera reikning yfir tekjur og gjöld bryggjusjóðs og senda hann oddvita sýslunefnda Húnavatnssýslu fyrir 31. janúar ár hvert.

89

30. ágúst

9. gr.

Bryggjusjóður skal vera undir umsjón sýslunefndar Austur-Húnavatussýslu, og skal honum eingöngu varið til umbóta og aðgerðar bryggjunni, tækjum hennar og bátauppsátrinu.

10. gr.

Brot móti reglugerð þessari varða sektum allt að 100 kr. og fer um mál út af þeim sem almenn lögreglumál. Sektirnar renna í Bryggjusjóð.

11. gr.

Öll gjöld samkvæmt 6. grein má taka lögtaki.

12. gr.

Með reglugjörð þessari er úr gildi felld reglugerð fyrir bátabryggjuna og bátauppsátrið á Blönduósi, frá 1. sept. 1927.

Reglugerð þessi staðfestist hérmeð samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóvember 1917 til að öðlast gildi 15. september 1932 og birtist hérmeð til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 30. ágúst 1932.

Magnús Guðmundsson.

Páll Pálmason.

90

9. sept.

REGLUGERÐ

um

breyting á reglugerð fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu um fjallskil m. m. frá 24. júlí 1930.

Í stað orðanna: „Miðvikudaginn í 24. viku sumars“ í 18. gr. fjallskilareglugerðarinnar komi: „Fimmtudaginn í 24. viku sumars“.

Reglugerð þessi sem sýslunefnd Snæfellsness- og Hnappadalssýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna staðfestist hérmeð til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 9. september 1932.

Þorsteinn Briem.

Gunnl. E. Briem.